

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 14. desember 2018
UST201811-296/B.S.
09.04.06

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skógrækt - Engimýri í Öxnadal. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að hefja skógrækt á um 177 ha svæði á jörðinni Engimýri í Öxnadal. Jörðin er á fjarsvæði vatnsverndar og í greinargerð kemur fram að skógrækt á verndarsvæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar, skv. lögum nr. 97/2004.


Lögð verður áhersla á að fella skógræktina að landi eins og kostur er bæði með tegundavalí og þéttleika gróðursetninga.


Almennt er talið að trjágróður hafi jákvæð áhrif á vatnsbúskap og bindi kolefni. Umhverfisstofnun telur að í umfjöllun um kolefnisbindingu mætti gera grein fyrir mögulegri losun kolefnis að lokinni fellingu og nýgróðursettu tré hafa ekki náð sér á strik. Í greinargerð kemur fram að forðast verði að gróðursetja í votlendi. Umhverfisstofnun telur að í nágrenni votlendi ætti að forðast að gróðursetja tegundir sem taka upp mikil vatn eins og t.d. aspir.

Lítillræði verður notað af áburði við gróðursetningu sérstaklega ef miðað er við áburðargjöf á tún. Skógræktin mun ekki hafa áhrif á friðlýst svæði við Hraun í Öxnadal. Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar verði sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Miklu ræður um vægi þessara áhrifa hvernig til tekst að aðlaga skóginn að landi.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Greinargerðin er góð. Umhverfisstofnun vill benda á að búið er að senda tillögu um friðlýsingu jarðarinnar Hóla til Umhverfisráðherra.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur